

BRAUN

Súrefnismettunarmælir 1




YK-81C

Vörulýsing



OLED-skjáhamir



Inniheldur Latex

Takk fyrir að festa kaup á Braun-súrefnismettunarmælinum YK-81C.

Þessi súrefnismettunarmælir er hágæðavara sem hefur verið prófuð samkvæmt öryggis- og nothæfisstöðlum Alþjóðlegu staðlastofnunarinnar (ISO). Tæki þetta notar rautt og innrautt ljós á tilsettum bylgjulengdum ásamt ljósnema til að mæla súrefnismettun í blóði og tengdan púlshraða.

Braun-súrefnismettunarmælirinn er ætlaður til notkunar í heimilissumhverfi (svo sem heima við eða á starfstöð)

Vinsamlegast lestu leiðbeiningarnar gaumgæfilega áður en þú notar vöruna og geymdu þær og súrefnismettunarmælinn á öruggum stað.

Notkunarskýringar

Braun-súrefnismettunarmælirinn (YK-81C) er ódauðhreinsað og endurnotanlegt tæki sem ætlað er til stakra mælinga eða ósamfelldra sannprófana á starfrænni súrefnismettun í slagæðablóði sem og á tengdum púlshraða þar sem fingurgómur er notaður sem mælistaður. Tækið er ætlað fólki eldra en 12 ára við heimilisnotkunaraðstæður (svo sem heima við eða á starfstöð).

Blóðsúrefnismælirinn sýnir súrefnismettun í blóðrauða slagæða (%SpO₂), púlshraða sem og púls hæð sem birtist á súluriti.

Þetta tæki var kvarðað við framleiðslu og þarfnast ekki frekari kvörðunar af hálfu notanda.



VIÐVARANIR OG VARÐARATRIÐI

Vinsamlegast lestu handbókina gaumgæfilega fyrir notkun

Tækið hentar ekki til sívöktunar.

Súrefnismettunarmælirinn er viðkvæmur fyrir hreyfingu. Hafðu hendur hreyfingarlausar meðan mælt er.

Súrefnismettunarmælirinn þarfnast nægilegs blóðflæðis til að ná réttari mælingu. Slæm blóðrás kann að leiða til ónákvæmra mælinga. Ef þér er kalt á höndunum eða þú með slæma blóðrás hitaðu þér þá á höndunum með því að núa þeim saman eða notaðu aðra aðferð til að hita þær áður en þú reynir að mæla. Snarvölur, handleggsborði blóðþrýstingsmælis eða önnur tæki eða klæði sem hamla blóðflæði kunna einnig að leiða til ónákvæmra mælinga.

Naglalakk eða akrýlneglur hindra ljósgeislun í gegnum fingurgómana og kunna einnig að valda ónákvæmum mælingum.

Fingurinn þarf að vera hreinn til þess að rétt mæling fáiist.

Súrefnismettunarmælirinn ætti að vera hreinn til þess að rétt mæling fáiist. Vinsamlegast gakktu úr skugga um að búið sé að hreinsa svæðið þar sem klemman er sett á fingurinn í samræmi við hreinsunarleiðbeiningar í handbók.

Ef erlitt reynist að ná mælingu, reyndu þá á öðrum fingri eða á hinni hendinni. Ráðlagt er að mæla á vísisfingri eða löngutöng.

Nokkrar aðrar ástæður geta leitt til ónákvæmrar mælingar, þar á meðal – en ekki eingöngu – nýlegar lækisrannsóknir þar sem innspýting litarefna kom við sögu, einnig notkun holleggs, veikur púls, lítill blóðrauði, lítið gegnflæði (púlsstyrkurinn hjá þér), há gildi vanstarfandi blóðrauða, styrkur og gerð þeirrar birtu sem þú ert í þegar þú notar blóðsúrefnismælinn og tilvist farsma, talstöðva og fastra senditækja innan tiltekinnar fjarlægðar frá mælinum þegar hann er notaður.

Þetta tæki varar ekki við láguum %SpO₂-gildum.

MÆLDU EKKI á sama fingri í tvær klukkustundir samfleytt. Tæki þetta hentar ekki til sívöktunar af hálfu notanda. Löng og óslitin mæling getur aukið möguleikana á

óvæntum húðvandamálum eins og rotnun og svo framvegis. Óþæginda- eða sársaukatilfinningar kann að verða vart ef tækið er notað lengi óslitið, sérstaklega hjá þeim notendum sem eiga við slæmt gegnflæði að stríða eða upplifa óþroska strokuroða þegar ljósbeinirinn er stilltur

Auk þeirra atriða sem lýst er í kaflanum Viðvaranir og varðaratríði kunna ónákvæmar mælingar að orsakast af eftirfarandi þáttum – en ekki eingöngu:

- Ef tækinu hefur verið sökk í vökva.
- Ef um er að ræða umtalsverð gildi vanstarfandi blóðrauða (svo sem)
- kolsýringsblóðrauða eða methemóglóbíns).
- Ef litarefni hefur verið spýtt í æð, svo sem grænu indosýaníni eða bláu meþýleni.
- Ef um er að ræða sterka umhverfisbirtu eins og beint sólarljós, geta mælingar skekkst. Hyldu ljósnemasvæðið í mikilli birtu ef nauðsyn krefur.
- Ef notandi hreyfir sig of mikið.
- Hátíðnitrufun og hjartastuðtæki.
- Bláæðasláttur.
- Háþrýstingur, alvarleg æðaþrenging, alvarlegt blóðleysi eða ofkæling.

BREYTTU EKKI þessu tæki án leyfis framleiðanda.

Súrefnismettunarmælir fyrir fingurgóm

Almenn lýsing

Súrefni blandast blóði í lungunum og er flutt um æðar að mestu í blóðrauða (hemóglóbíní).

Súrefnissameindin tengist lauslega og afturkræft hemhluta blóðrauðans. Magn súrefnis sem tengist blóðrauðanum ræðst af hlutþrýstingi súrefnisins. Magn súrefnis í blóði sýnt sem hundraðshluti mettnar í blóðrauða er mælieining súrefnis í slagæð (SaO₂) og er metin af blóðsúrefnismælinum og sýnd sem SpO₂-mæling. Magn súrefnis í blóði (eins og hún er mæld í SpO₂-mælingu súrefnismælisins) er mjög mikilvæg kennistærð í öndunarfæra- og blóðrásarkerfunum. Margir öndunarfærassjúkdómar draga úr súrefnismettun í blóðrauða manna. Enn fremur geta þættir eins og truflun á sjálfvirkri líffærstýringu mannslikamans af völdum svæfingar, áraun vegna stórrar skurðaðgerðar eða lækniðsskoðunar, eða aðrir sjúkdómar af völdum veira eða bakteria einnig orsakað skerta súrefnismettun í blóðrauða í slagæðum. Slíkt getur súrefnismælirinn leitt í ljós og sýnt með lágrí SpO₂-mælingu. Þetta getur leitt til sjúkdómseinkenna eins og þunglyndis, uppkasta og þróttleysis hjá sjúklingum.

Súrefnismælirinn fyrir fingurgóm er fyrirferðarlítið og sparneytið fartæki. Þegar visifingri er stungið í ljósröfunarskynjarann sýnir skjár mælisins mæld %SpO₂-gildi og púlshraða ásamt því að birta súlurit sem sýnir púlshæð.

Undirstöðuatriði mælinganna

Súrefnismælingin byggist á mismuninum á valvisri gleypni rauðs ljóss í súrefnisríku blóði eða sýrðum blóðrauða (HbO₂ sem er ljósrauður) og ósýrðum blóðrauða (Hb sem er dökkrauður) eða súrefnislösum blóði. Valvísra gleypnin er byggð á Beer Lambert-lögmálinu. Rautt (600nm) og innrautt LED (940nm) á efri hluta ljósnemaklemmunnar sendir frá sér ljós á þessum tveimur tíðnum. Rauða ljósið sem smýgur gegnum fingurinn er gleypst valkvætt af súrefnisríku blóði í slagæðum en ljósneminn á neðri hluta klemmunnar nemur afgangsljósið. Innrauða ljósið smýgur síðan í gegnum fingurinn án nokkurrar valvisrar gleypni og er numið af ljósnemanum á neðri hluta klemmunnar. Ljósíni sem sent er í gegn og numið af ljósskynjaranum er breytt í rafspennu eða straummerki. Það er síðan leitt í gegnum merkismótunar- og síunarrásir með hjálp örgjörva. %SpO₂ er síðan afleitt með því að greina breytingar á sveifluviðd þessara púlsmarkja afleiddra frá ljósnemanum og kvarða þá með púlsskönnunar- og skráningartækni. Púlshraði er síðan afleiddur út frá þessum tengdu bylgjuformum.


Vörulýsing

- | | |
|------------------------------|-----------------|
| 1. OLED-skjár | 2. Fingurklemma |
| 3. Ræsi- og valmyndarhnappur | 4. Snúra |


Notkunarleiðbeiningar fyrir Braun-súrefnismettunarmælinn

Rafhlöður settar í og skipt um þær (Fyrsta ísetning)

Ýttu á brúnina á lokinu á rafhlöðuhólfinu fyrir aftan örvarnar til að renna því af tækinu.



Settu tvær AAA-rafhlöður í.




Settu lokið á aftur.




Mæling framkvæmd

Þrýstu á efri og neðri hluta hlífarrinnar til að opna gúmmí-fingurklemmuna




Stingdu fingrinum með nóglna upp inn í fingurklemmuna.

Ráðlagt er að nota mælinn á vísingur.



Gakktu úr skugga um að fingurinn sé að fullu inni í tækinu en þrýsti ekki fast á neinn flöt.

Þrýstu á ræsi- og valmyndarhnappinn ofan á tækinu.



Haltu fingrinum hreyfingarlausum meðan mælt er.




Tækinu snúið við

Ef þú vilt breyta hvernig skjáinn snýr, þrýstu þá á og losaðu (eftir u.þ.b. 1 sekúndu) ræsi- og valmyndarhnappinn á framhliðinni. Hægt er að lesa á skjáinn úr 6 mismunandinn áttum.




Hreinlæti

Notaðu 70% spritt til að hreinsa svæðið á mælinum sem fingrinum er stungið í fyrir og eftir hverja mælingu. Hreinsaðu einnig fingurinn.




Stiki stilltur

Þrýstu á ræsi- og valmyndarhnappinn til að kveikja á tækinu. Þegar tækið er virkt, þrýstu þá á hnappinn og haltu honum niðri til þess að breyta um stika (parameter).



Þrýstu á ræsi- og valmyndarhnappinn og haltu honum niðri (í u.þ.b. 3 sekúndur) þar til þú finnur valmynd 1 til að setja upp stikann og haltu hnappnum aftur niðri (í u.þ.b. 3 sekúndur) til að fara á skjá 2.



1. Í valmynd 1 eða 2, þrýstirðu á ræsi- og valmyndarhnappinn til að renna í gegnum mismunandi stika. Þú sérð táknið * hreyfast að hverjum stika um leið og þú rennir í gegn. Þegar þú finnur stikann sem þú vilt breyta, þá þrýstirðu á ræsi- og valmyndarhnappinn í 3 sekúndur til að breyta stikastillingunni.
2. Ef þú vilt endurheimta upphaflegar framleiðslustillingar, þá færirðu * á endurheimt á valmynd 1 og heldur ræsi- og valmyndarhnappnum niðri í u.þ.b. 3 sekúndur
3. Til þess að fara út úr valmyndunum og aftur á mæliskjái, þá færirðu * á útgönguvalmyndina á valmynd 1 eða 2 og heldur ræsi- og valmyndarhnappnum niðri í 3 sekúndur eða biða einfaldlega í 10-12 sekúndur án þess að eiga við tækið sem þá fer aftur á mæliskjáinn.



ATH! Ef þú notar tækið utandyra eða í mikilli birtu, þá skaltu auka skjábirtuna til að auðvelda aflestur.

Veldu minni skjábirtu til að rafhleðslan endist betur.

Takmörkuð 2 ára ábyrgð

A. Þessi takmarkaða 2 ára ábyrgð nær yfir viðgerðir eða skipti á vöru sem hefur reynst gölluð hvað varðar efni eða vinnubrögð. Ábyrgðin nær ekki yfir skemmdir af völdum notkunar í verslunarskyni, misþjóðandi notkunar eða yfir viðbótarskemmdir. Ekki verður litið á galla sem eru afleiðing venjulegs slits og notkunar sem framleiðslugalla skv. þessari ábyrgð. **KAZ ER EKKI ÁBYRGÞ FYRIR TILFALLANDI EÐA ÓBEINUM SKEMMDUM AF NOKKRU TAGI. HVERSKONAR UNDIRSKILIN SÖLUHÆFNI EÐA HÆFI TIL SÉRSTAKRAR NOTKUNAR ÞESSARAR VÖRU TAKMARKAST Í GILDISTÍMA VIÐ GILDISTÍMA ÞESSARAR ÁBYRGÐAR.** Lög sumra ríkja leyfa ekki að tilfallandi eða óbeinar skemmdir séu útilokaðar eða að takmarkað sé hve lengi undirskilin ábyrgð gildir, svo að ofangreindar takmarkanir eða útilokanir kunna ekki að eiga við þig. Þessi ábyrgð veitir þér tiltekin lagaleg réttindi en svo kann einnig að vera að þú njótir réttinda sem geta verið mismunandi eftir lögum ríkja. Þessi ábyrgð gildir aðeins fyrir upprunalegan kaupanda vörunnar frá upprunalegri dagsetningu kaupanna. **B.** Að eigin vali gerir Kaz við þessa vöru eða skiptir henni út ef hún reynist gölluð hvað varðar efni eða vinnubrögð. **C.** Þessi ábyrgð nær ekki yfir skemmdir af völdum hverskonar viðgerðartilrauna í leyfisleysi eða af völdum hverskonar notkunar sem ekki er í samræmi við notkunarléiðbeiningar. Leitaðu upplýsinga á blaðsíðu 158 um lista yfir símanúmer tengiliða í Evrópu. Gættu þess vinsamlegast að tiltaka tegundarnúmer.

ATHI: EF ÞÚ LENDIR Í VANDRÆÐUM, HAFÐU ÞÁ VINSAMLEGAST SAMBAND FYRST VIÐ NEYTENDAPJÓNUSTU EÐA LÍTTU Á ÁBYRGÐARSKÍRTEINIÐ. SKILAÐU EKKI VÖRUNNI Á ÞANN STAÐ ÞAR SEM HÚN VAR KEYPÞ UPPRUNALEGA. REYNDU EKKI AÐ ÖPNA SJÁLFR TÆKISHLÍF. EF ÞÚ GERIR ÞAÐ, KANN ÞAÐ AÐ ÓGILDA ÁBYRGÐINA OG VALDA SKEMMDUM Á VÖRUNNI EÐA MEIÐSLUM HJÁ SJÁLFRM ÞÉR.

Villur og lausnir

Villuboð	Staða	Lausn
SpO2 eða púlshraði er ekki hægt að sýna eðlilega	Fingri ekki stungið að fullu inn í tækið Of lág gildi sýrðs blóðrauða hjá notanda til þess að þau sé hægt að mæla	Reyndu aftur og stingdu fingrinum rétt í Reyndu nokkrum sinnum í viðbót Ef þú getur gengið úr skugga um að ekkert sé að tækinu, farðu þá á sjúkrahús sem fyrst til að fá nákvæma sjúkdómsgreiningu

SpO2- eða púlshraðmæling er óstöðug	Fingri ekki stungið að fullu inn í tækið Notandi hreyfir sig eða fingur skelfur	Reyndu aftur og stingdu fingrinum rétt í Vertu eins hreyfingarlaus og mögulegt er
Ekki hægt að kveikja á blóðsúrefnimælinum	Ónóg rafhleðsla eða slökkt á ræsihnappi (power off) Rafhlöðurnar eru ekki rétt settar í Blóðsúrefnimælirinn gæti verið skemmdur	Skiptu um rafhlöður Vinsamlegast settu rafhlöðurnar í aftur Vinsamlegast hafðu samband við söluaðila
Tækið slökkti á sér	Tækið slekkur sjálfkrafa á sér innan 8 sekúndna ef ekkert merki er numið Ónóg rafhleðsla	Eðlilegt Skiptu um rafhlöður
Lítil rafhleðsla sýnd	Skipta þarf um rafhlöður	Skiptu um rafhlöður

Vörforskrift

Tegund:	Braun Pulse oximeter, YK-81EUC
Skjágerð:	OLED-skjár
SpO2-mælingamörk:	70% - 100%
Nákvæmni:	80% - 100% ±2% 70% - 79% ±3% ±1%
Skarpa:	
Púlshraði	
Mælingamörk:	30BPM~254 BPM
Nákvæmni:	> 100 ±1 BPM > 100 ±2 BPM ±1 BPM
Skarpa:	
Orkugjafi:	tvær AAA 1.5V alkalínraflöður
Orkueyðsla:	undir 30mAh
Sjálfkrafa slökknun:	Tækið slekkur sjálfkrafa á sér innan 8 sekúndna þegar ekkert merki er numið
Stærð:	U.þ.b. 58mm×35mm×30mm
Notkunarhitastig:	5°C~40 °C (41 °F ~ 104 °F)
Geymsluhitastig:	-10 °C~40 °C (14 °F ~ 104 °F)
Notkunarrakastig:	15%~80%
Geymslurakastig:	10%~95%
Loftþrýstingur:	70kPa~106kPa

Þessi vara samræmist eftirfarandi stöðlum:
IEC 60601-1: Rafhlækingatæki – Hluti 1: Almennar kröfur um grunnöryggi og grundvallarvirgni.
IEC 60601-1-2: Rafhlækingatæki - Hluti 1-2: Almennar kröfur um grunnöryggi og grundvallarvirgni -
Viðbótarstaðall: Rafsegultruflunarvaldar – Kröfur og prófanir

IEC 60601-1-11: Rafhlækningatæki – Hluti 1-11: Almennar kröfur um grunnöryggi, og grundvallarvirkni – Viðbótarstaðall: Kröfur fyrir rafhlækningatæki og rafhlækningakerfi notuð við heilsugæslu í heimililísumhverfi.

ISO 80601-2-61: Rafhlækningatæki – Hluti 2-61: Sérkröfur um grunnöryggi og grundvallarvirkni blóðsúrefnismælingatækja.

ISO 10993-1 Líffræðilegt mat á lækningatækjum - Hluti 1:

Mat og prófun innan áhættustýringarferlis.

ISO 10993-5: Líffræðilegt mat á lækningatækjum - Hluti 5: Prófanir í glasi á frumveiturhrifum.

ISO 10993-10: Líffræðilegt mat á lækningatækjum - Hluti 10: Prófanir á ertingu og húðnæmingu.

ISO 15223-1: Lækningatæki – Tákni sem nota skal með lækningatækjamerkjum, merkingar og upplýsingar sem ber að veita - Hluti 1: Almennar kröfur.

ISO 14971 - Lækningatæki - Beiting áhættustýringar á lækningatæki

IEC 62366 - Lækningatæki - Hluti 1: Beiting nothæfisverkræði á lækningatæki

Tákni og skýringar



Búnaður af BF-gerð



Notkunarakastig



Notkunarkastig



Skóðuðu notkunarkastig



Kenninúmer framleiðslulotu



Framleiðslurakastig



Lækningatæki



Vörulistanúmer



Framleiðandi



Rafspenna



Geymslurakastig



Geymsluhitastig



Viðurkenndur umboðsaðili í Evrópu-sambandinu

IP22

IP22: Varið gegn föstum aðskotahlutum sem eru stærri en 12,5 mm í þvermál og vatnsdropum þegar hallað er í 15°

Viðhald og geymsla

1. Skiptu um rafhlöður þegar lágspennumerkið kviknar.
2. Hreinsaðu yfirborð blóðsúrefnismælisins áður en mælt er.
3. Taktu rafhlöðurnar úr ef þú ætlar ekki að nota blóðsúrefnismælinn í langan tíma.
4. Geymdu tækið við -10~40 C. og 10%-95% rakastig
5. Ráðlagt er að halda tækinu ávallt þurru. Of mikill raki gæti haft áhrif á endingu þess og jafnvel skemmt það.
6. Þetta tæki var kvarðað við framleiðslu og þarfnast ekki frekari kvörðunar af hálfu notanda.



Til að vernda umhverfið skaltu losa rafhlöðurnar á viðeigandi losunarstöðum samkvæmt reglum lands eða héraðs.

Innihald kassa

Snúra

Notendahandbók

2 AAA 1.5-alkalínrafhlöður

DONNA EHF

Dreifing:

Donna ehf, Móhella 2, 221 Hafnarfjörður.

S. 555 3100 e-mail donna@donna.is

www.donna.is



Xuzhou Yongkang Electronic Science
Technology CO., Ltd
4F C8 Building, No. 40 Jingshan Road
Economic Development District, Xuzhou,
Jiangsu, China



Prolinx GmbH
Brehmstr. 56, 40239
Duesseldorf – Germany



© 2021 All Rights Reserved.

Imported and distributed by:

Kaz Europe Sarl
A Helen of Troy Company
Place Chaudron 18
CH-1003 Lausanne – Switzerland
www.helenoftroy.com/emea-en/



© 2021 All rights reserved.

 YK-81C
P/N: A005511R0
15DEC20